

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2014, fimmtudaginn 16. október var haldinn 249. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 13:07 að Borgartúni 12-14 í fundarherberginu Hofi á 7. hæð.

Mættir: Björk Vilhelmsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir (í stað Magnúsar Más Guðmundssonar), Magnea Þ. Guðmundsdóttir (í stað S. Björns Blöndal) og Gréta Björg Egilsdóttir.

Af hálfu starfsmanna: Stefán Eiríksson, Ellý Alda Þorsteinsdóttir, Hörður Hilmarsson, Kristjana Gunnarsdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Árni Múli Jónasson, Óskar Dýrmondur Ólafsson og Bára Sigurjónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Starfið milli funda.

Sviðsstjóri Velferðarsviðs gerði grein fyrir málinu.

Áslaug Friðriksdóttir tók sæti á fundinum kl. 13:09.

2. Lögð fram tillaga vegna tilfærslu heimaþjónustu út í hverfi.

Skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu heim gerði grein fyrir málinu.

Kristín Elfa Guðnadóttir tók sæti á fundinum kl. 13:13.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fulltrúi Framsóknarflokksins og flugvallarvina lagði fram eftirfarandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir samþykkja tillögu Velferðarsviðs um samþættingu heimaþjónustu í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum með staðsetningu að Þorragötu 3 undir stjórn Vesturgarðs þar sem nú er rekinn dagdvölin Þorrasel fyrir aldraða. Tillögunni er veitt samþykki þar sem henni er ætlað að skapa betri yfirsýn yfir þarfir notenda,

hagræðingu, heildstæðari þjónustu, aukin viðbragðsflýti og að betur sé hægt að mæta aukinni þjónustubörf. Einnig leggjum við áherslu á að þessar breytingar verðir unnar í samráði og samvinnu við starfsfólk og notendur eins og gefið hefur verið til kynna. Þó svo að dagdvöl Þorrasels flytjist á Vesturgötu teljum við að það muni efla félagsstarfið, auka húsnæðisrými og tækifæri skapist af því að hafa Heilsugæslustöð miðbæjar í sama húsi. Þessi flutningur muni einnig stuðla að bættri notkun á félagsmiðstöðinni við Vesturgötu sem og félagsmiðstöðinni við Aflagrandu.

Aðrir fulltrúar í velferðarráði tóku undir bókun Framsóknarflokksins og flugvallarvina.

3. Lagt fram minnisblað um tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu heim gerði grein fyrir málinu.
4. Kynnt drög að nýjum reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík ásamt minnisblaði. Skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu heim gerði grein fyrir málinu.

Deildarstjóri heimaþjónustu tók sæti á fundinum undir þessum lið og kynnti breytingar sem felast í nýjum reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík.
Umræður.

Málinu frestað.

5. Lagðar fram helstu lykiltölur fyrir tímabilið janúar til ágúst 2014. Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra gerði grein fyrir málinu.
6. Lagðar fram að nýju tillögur að breytingu á eftirfarandi gjaldskráum Velferðarsviðs.
 - a) Gjaldskrá Velferðarsviðs um akstursþjónustu eldri borgara. Samþykkt með fimm samhljóða atkvæðum að vísa gjaldskránni til borgarráðs. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sat hjá við atkvæðagreiðsluna.
 - b) Gjaldskrá um greiðslur til stuðningsfjölskyldna og útlags kostnaðar vegna dvalar hjá stuðningsfjölskyldu. Samþykkt með fimm samhljóða atkvæðum að vísa gjaldskránni til borgarráðs. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lagði fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúi framsóknar og flugvallarvina fagnar því að velferðarráð hafi tekið tillit til og orðið við athugasemd varðandi hækkun á gjaldskrá um greiðslur til stuðningsfjölskyldna. Farið var fram á að hámark útlagðs kostnaðar á mánuði hækkaði einnig um 10% í samræmi við aðrar greiðslur innan málaflokksins, gjaldskrá vegna greiðslna til stuðningsfjölskyldna.

7. Fjárhagsáætlun 2015 - staðan kynnt.

Formaður velferðarráðs gerði grein fyrir málinu.

Önnur mál

Nýtt Gistiskýli að Lindargötu verður opnað 24. október 2014.

Formaður velferðarráðs gerði grein fyrir málinu.

Umræða um sveigjanleika í heimaþjónustu og stuðningsþjónustu.

Fundi slitið kl. 15:35.
Björk Vilhelmsdóttir (sign)

Elfn Oddný Sigurðardóttir (sign)

Heiða Björk Hilmisdóttir (sign)

Magnea Þ. Guðmundsdóttir (sign)

Gréta Björg Egilsdóttir (sign)

Áslaug Friðriksdóttir (sign)



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Dagsetning: 16. október 2014
Skrifstofa: þjónustu heim
Umíð af: BM
Ábyrgð: Berglind Magnúsdóttir

Lagt fyrir fund velferðarráðs 16.10.2014

Tillaga

Lagt er til að samþætt heimaþjónusta í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum verði staðsett að Þorragötu 3 þar sem nú er rekin dagdvölin Þorrasel fyrir aldraða.

Forsaga:

Þann 29. nóvember 2012 samþykkti velferðarráð eftirfarandi tillögu um næstu skref í sameinaðri heimaþjónustu í Reykjavík:

„Velferðarsvið leggur til að heimahjúkrun og félagsleg dag- kvöld-og helgarþjónusta félagslegrar heimaþjónustu verði sameinuð í þeim hverfum þar sem sameining hefur ekki þegar farið fram. Undirbúningur hefjist nú þegar, að honum loknum verði áætlun um innleiðingu, eftirfylgd sameiningar og nánari útfærslu kynnt í velferðarráði.

Lagt er til að sameining þjónustunnar verði með eftirfarandi hætti:

Heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta sem veitt er íbúum sem tilheyra Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og þjónustumiðstöð Breiðholts verði stýrt og þjónustan rekin frá einum stað (Efri byggð).

Á sama hátt verði heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta fyrir íbúa sem tilheyra Vesturgarði, þjónustumiðstöð Vesturbæjar og þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða stýrt og þjónustan rekin frá einum stað (Vesturbyggð).

Eftir sameiningu og flutning heimahjúkrunar út í hverfi verður sameinuð heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta á þremur stöðum í borginni í stað eins. Sameinaðri heimaþjónustu er ætlað að skapa betri yfirsýn yfir þarfir notenda, aukin viðbragðsflyti, veita heildstæðari þjónustu og skapa öflugara kerfi til að mæta aukinni þjónustuhörf og kröfum samfélagsins s.s. þeirri kröfu að fólk geti búið heima þrátt fyrir mikla færniskerðingu og fjölþætt heilbrigðisvandamál.“

Greinargerð:

Í framhaldi af samþykkt velferðarráðs hefur starfshópur skipaður framkvæmdastjórum þjónustumiðstöðvar Miðborg/Hlíðar og Vesturbæjar, Vesturgarðs, ásamt skrifstofustjóra þjónustu heim, verið að störfum m.a. vegna fyrirkomulag þjónustunnar og til að finna staðsetningu fyrir sameinaða þjónustu.

Niðurstaða starfshóps:

1. Sameinuð heimaþjónusta verði rekin og stýrt frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarðs og staðsett á **Þorragötu 3** þar sem Þorrasel, dagdvöl er nú til húsa.
2. Þorrasel dagdvöl fyrir aldraða verði **flutt á félagsmiðstöðina við Vesturgötu.**
3. Félagstarf sem í dag er rekið á Vesturgötu færist að hluta til yfir til félagsstarf á Aflagranda, félagstarfs á Vítorgi og hluti verður samnýttur með dagdvöl á Vesturgötu 7.
4. Boðið verður upp á félagstarf með stuðningi á Vesturgötu sem samnýtt verður með dagdvöl.
5. Eldhús sem nú er rekið í Þorraseli verði **lagt niður** og í stað þess verður eldhús á Vesturgötu nýtt bæði fyrir dagdvöl og þá íbúa sem nýtt hafa sér matarþjónustu þar.
6. Öll heimaþjónusta sem er á Aflagranda flytjist á Þorragötu auk matsfulltrúa frá Vesturgarði, matsfulltrúa og teymisstjóra frá ÞMH og starfsmönnum sem sjá um heimaþjónustu á Vesturgötu, Lindargötu og Bólstaðarhlíð. Starfsaðstaða verður áfram í Bólstaðarhlíð til að starfsmenn geti átt athvarf í þeim borgarhluta.

Rökstuðningur fyrir staðsetningu:

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíðar er með mörg sértæk verkefni undir sinni ábyrgð s.s. móttöku hælisleitanda, flóttafólk og utangarðsfólks. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður, er minni þjónustumiðstöð sem hefur alla burði til að taka við fleiri verkefnum og fellur verkefnið sameinuð heimaþjónusta vel að þeim áherslum sem sú þjónustumiðstöð hefur á síðustu árum haft varðandi þróun á málaflokki félagslegrar heimaþjónustu. Aðilar eru sammála því að þessi staðsetning geti verið íbúum öllum farsæl.

Erfiðlega hefur gengið að reka dagdvöl aldraða, Þorrasel, á þeim daggjöldum sem ríkið hefur ákveðið og þeirri fjárhagsáætlun sem Reykjavíkurborg hefur sett úrræðinu. Tækifæri eru talin á hærri daggjöldum með því að koma á fót inntökuteymi skipað lækni og hjúkrunarfræðingi en með staðsetningu á Vesturgötu gæti reynst auðveldara að leita eftir samningi við heilsugæslu í sama húsi. Með því að dagdvöl sé starfrækt þar sem almennt félagsstarf er staðsett gefst tækifæri á ákveðni samnýtingu s.s. móttökueldhúss, virkni á vinnustofum, böðun og starfsmönnum. Auk þess getur slíkt fyrirkomulag verið hvetjandi fyrir starfsseminu og starfsmenn.

Fjöldi starfsmanna sem breytingar varða:

Alls varðar þessar breytingar um 100 starfsmenn heimaþjónustu og á annan tug starfsmanna dagdvalar Þorrasels og félagsmiðstöðvar á Vesturgötu. Breytingarnar varða um 1300 notendur heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu og 87 dvalargesti Þorrasels. Óvíst er hve marga þátttakendur í félagsstarfi Vesturgötu breytingar varða.

Kostnaður/sparnaður

Ná má fram sparnaði með þessum breytingum þar sem móttökueldhúsi í Þorraseli verður lokað auk þess sem samnýting verður með almennu félagsstarfi og félagsstarfi með stuðningi. Ekki skapast þörf fyrir nýtt húsnæði fyrir sameinaða heimaþjónustu í Miðborg, Hlíðum og Vesturbæ með þessari útfærslu og leiga húsnæðis helst óbreytt þrátt fyrir aukna starfsemi.



Reykjavík 12. júní 1991.
GE/jb

23 / 7
Bandalag Háskólamanna,
Lágmúla 7,
108 Reykjavík.

~~630387~~ 2509

440169 - 1109

Á fundi borgarráðs í gær var samþykkt að gefa Bandalagi Háskólamanna kost á byggingarrétti fyrir 40 - 50 íbúðir fyrir aldraða félagsmenn í fjölbýlishúsi á lóð við Suðurgötu, sunnan Háskólasvæðisins. X

Gatnagerðargjald ákveðst kr. 734,60 pr. rúmm. og áætlast kr. 11.019.000, sem jafnframt er lágmarksgjald (m.v. 15.000 rúmm). Umframgatnagerðargjald skal greiða áður en byggingarleyfi er gefið út og samkv. þeirri gjaldskrá, sem þá gildir. Verði byggð sameiginleg bílageymsla fyrir íbúðirnar, skal gatnagerðargjald af henni vera 25% af þeirri gjaldskrá, sem gildir þegar teikningar verða samþykktar.

Þriðjung áætlaða gatnagerðargjaldsins skal greiða innan eins mánaðar frá úthlutun, sem ella fellur sjálfkrafa úr gildi. Eftirstöðvar áætlaða gatnagerðargjaldsins skulu greiddar með tveimur víxlum með gjalddögum 15. september og 15. desember 1991, og skulu víxlarnir samþykktir um leið og gengið er frá greiðslu fyrsta hluta gatnagerðargjaldsins. Úthlutunarhafi greiðir banka- og stimpilkostnað vegna víxlanna. Verði víxlarnir ekki greiddir á gjalddaga, getur borgarráð afturkallað úthlutun lóðarinnar. Litið verður á greiðslu fyrsta hluta gatnagerðargjaldsins sem viðurkenningu lóðarhafa á því, að hann sé reiðubúinn til að hlíta þeim sérskilmálum, sem varða lóðina, svo og almennum skipulagsskilmálum.

Heimæðagjöld skulu greidd áður en byggingarleyfi verður gefið út.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðarinnar liggur ekki endanlega fyrir, en gerð verður grein fyrir henni, svo og kvöðum á henni, á mæliblaði. Fyrirkomulag húss og bílastæða á lóðinni er háð samþykki skipulagsnefndar.

Um íbúðir á lóðinni skulu gilda þeir skilmálar um eignarhald, að eigendur þeirra hafi náð 63 ára aldri. Nægilegt er, að annað hjóna uppfylli það skilyrði.

Gert er ráð fyrir byggingu u.þ.b. 400 ferm. þjónustukjarna á vegum Reykjavíkurborgar á lóðinni eftir ca. 3 - 4 ár samkv. nánari ákvörðun. Af þeim sökum skal skipulag á lóðinni og hönnun mannvirkja unnin í samráði við byggingarnefnd aldraðra. X

Borgarverkfræðingur setur nánari skilmála.


Jón G. Tomasson.
e.u.



FORSÖGN AÐ ÞJÓNUSTUSELI FYRIR ALDRAÐA VIÐ SUÐURGÖTU.

1. Greinargerð.

Þjónustusel það sem hér um ræðir er fyrirhugað að byggja í tengslum við íbúðir fyrir aldraða er Bandalag Háskólamanna hyggst gangast fyrir byggingu á við Suðurgötu í Reykjavík, sunnan við Hjónagarða. Ráðgert er að í umræddri íbúðabyggingu verði u.þ.b. 36-39 íbúðir. Þannig gæti heildaríbúafjöldi orðið á bilinu 50-70.

Umrædd bygging verður staðsett austarlega í heimþjónustuhverfi félags- og þjónustumiðstöðvarinnar við Aflagranda 40, en það tekur til Reykjavíkur sunnan Hringbrautar, að Reykjavíkurflugvelli og suður í Skerjafjörð.

Hinn 1. desember s.l. var fjöldi ellilífeyrisþega í þessu hverfi 1222. Aldurshópurinn 60 ára og eldri í hverfinu taldi hins vegar 1757 miðað við 1. desember 1990 og er það um 19% af heildaríbúafjölda hverfisins. Miðað við önnur heimþjónustuhverfi í borginni er það næstlægsta hlutfallið, en heimþjónustuhverfi Seljahliðar þ.e. Breiðholt, Árbær og Grafarvogur, er með lágsta hlutfall 60 ára og eldri eða 6,2%. Hæst er hlutfallið í Bólstaðarhliðarhverfi, rúmlega 28%.

Á upplýsingum frá Byggingastofnun um mannfjöldaspá hinna mismunandi hverfa í Reykjavík bendir ekkert til að fjöldi 60 ára og eldri hækki ennfrekar í Aflagrandahverfi, heldur þvert á móti virðist hann hafa náð toppi sínum, en í 5-10 árgöngum sem á eftir koma eru nokkru færri einstaklingar, en í hópnum 60-69 ára.

Vestast í Aflagrandahverfi eru tvær stórar íbúðabyggingar fyrir aldraða, Grandavegur 47 með 72 íbúðir og Aflagrandi 40 með 61 íbúð. Í tengslum við þá síðarnefndu rekur Reykjavíkurborg stóra félags- og þjónustumiðstöð u.þ.b. 1000 fermetra að stærð. Þar er margháttuð þjónusta sem ætluð er öllum 67 ára og eldri í hverfinu og er opnunartími stöðvarinnar frá 8:30 - 16:30 alla virka daga. Félags- og tómstundastarf stöðvarinnar er auk þess opið ellilífeyrisþegum hvar sem þeir búa í borginni.

Með hliðsjón af því að töluverð þjónusta er fyrir í þessu hverfi er því gert ráð fyrir að í tengslum við íbúðir aldraðra við Suðurgötu verði rekið þjónustusel, en þjónustusel er útibú frá félags- og þjónustumiðstöð viðkomandi hverfis. Þjónustusel er ekki rekið með fullum þunga, þ.e. ekki er reiknað með opnun og virku starfi allan daginn. Í þjónustuseli er einungis boðið upp á hluta af þeirri þjónustu sem annars er boðið upp á í miðstöð hverfisins, en það getur verið breytilegt frá einu þjónustuseli til annars.

Starfsemi þjónustusels er skipulagt með hliðsjón af starfsemi í miðstöðinni og þannig reynt að forðast skörun eða árekstra svo og einnig til að ná sem bestri nýtingu á starfsfólki.

2. Þjónustusel við Suðurgötu.

Þjónustusel við Suðurgötu skal rekið sem útibú frá félags- og þjónustumiðstöðinni við Aflagranda. Félags- og tómstundastarf svo og sú þjónusta sem þar verður boðið upp á skal standa ellilífeyrisþegum til boða jafnt íbúum viðkomandi húss sem og öðrum ellilífeyrisþegum úr hverfinu svo lengi sem húsrúm leyfir.

Þeir þjónustupættir sem sérstaklega skal hafa í huga við hönnun húsnæðissins eru eftirtaldir:

- 2.1 Móttaka/upplýsingar.
- 2.2 Mötuneyti.
- 2.3 Félags- og tómstundastarf
- 2.3.1 Handmennt af ýmsu tagi, t.d. saumaskapur, málun, teiknun, leirvinna o.fl.
- 2.3.2 Fræðsla, klúbbastarf, kennsla.
- 2.3.3 Bókaútlán, bankaðjónusta.
- 2.3.4 Leikfimi, dans.
- 2.3.5 Samkomur, kynningar og spil.
- 2.4 Aðstoð við böðun.

3. Almenn atriði.

3.1 Almenn þjónusta.

Við hönnun þjónustuselsins skal lögð áhersla á eftirfarandi:

- aðkoma og aðgengi skal vera gott og greiðfært öllum, jafnt gangandi sem og hjólastólum.
- öll rými skulu hjólastólafær og handrið með öllum gönguleiðum.
- merkingar skulu vera greinilegar og skýrar.
- góð innbyrðis tengsl skulu vera milli þeirra þjónustupátta sem eiga saman.
- lýsing skal vera góð á öllum svæðum og sérstaklega hnitmiðuð á vinnustofum.
- hljómburður og hljóðdreifing skal sérstaklega athugað m.t.t. eldra fólks t.d. vegna heyrnartækja o.p.h.
- innréttingar skulu vera einfaldar og látlausar og litaval hlýlegt.
- við val á búnaði skal tekið tillit til þarfa aldraðra t.d. hæð á stólum og borðum, armar á stólum og sófum.

- 3.2 Bilastæði.
Reikna skal með bilastæðum fyrir starfsmenn þjónustusels, gesti og viðskiptavini.
- 3.3 Aðkoma.
Lögð skal áhersla á að unnt sé að aka að útidyrum og að gönguleið frá bilastæðum sé stutt. Gera skal ráð fyrir bekkjum við gönguleiðir og góðri lýsingu.

4. Starfsemi, starfsmenn og rýmisþörf.

Í þjónustuseli er gert ráð fyrir u.þ.b. 1.6 - 2.0 stöðugildum: deildarstjóri (aðstoðarmaður í félagsstarfi) í 0.50 stg., leiðbeinendur í félagsstarfi í sem svarar 0.50 stg. samtals og starfsmaður í eldhúsi í 0.60 stg. Þannig gætu allt að fjórir til fimm starfsmenn verið að störfum í þjónustuselinu í einu þegar mest er. Símasamband þarf að vera milli vinnueininga og inn á skrifstofu deildarstjóra.

Opnunartími þjónustusels getur verið breytilegur. Opnið er þó daglega en ekki allan daginn. Starfsemi er ávallt í tengslum við hádegi, sé um matarþjónustu að ræða.

- 4.1 Inngangur.
Einn aðalinngangur verði í þjónustuselið, en jafnframt skal vera innangengt úr íbúðum aldraðra á lóðinni um inngang sem opinn er á opnunartíma selsins. Inngangur þarf að vera með léttum hurðum eða rafknúnum. Gera skal ráðstafanir utan við inngang er dregur úr ágangi veðurs og vindsveipa.
- 4.2 Anddyri, fatahengi, snyrtingar og setkrókur.
Fatahengi þarf að vera nálægt aðalinngangi og snyrtingar fyrir gesti í nálægð við fatahengið.

Í anddyri við inngang þarf að vera bekkur til að tilla sér á og fara úr skóm. Þá er mikilvægt að gólfefni frá inngangi að fatahengi þoli ágang snjóbrodda.

Setkrókur skal vera staðsettur á aðalumferðarsvæði staðarins, í nálægð við aðalinngang, snyrtingar og fatahengi.

Æskilegt er að gott útsýni sé úr inngangi og anddyri út á innakstur bíla við útidyr því margir kjósa að bíða eftir bílum nálægt útidyrum.

- 4.3 Móttaka, upplýsingar og aðstaða starfsmanna.
Á stöðum af þessari stærðargráðu þarf ekki að gera ráð fyrir sérstakri móttöku. Hér er lagt til að aðstaða fyrir starfsfólk, skrifstofa deildarstjóra, og nokkurs

konar móttaka verði í einni og sömu einingu. Þannig mætti hugsa sér að nálægt inngangi staðarins verði lítil móttaka í gleri, þar inn af en í sjóntengslum, skrifborðsaðstaða deildarstjóra ásamt afdrepi fyrir starfsfólk og snyrtingu.

Gera skal ráð fyrir ritvél/tölvu, bæklinga og eyðublaðahillum og læstum skápum annars vegar fyrir skjöl og gögn og hins vegar fyrir persónulega muni starfsmanna.

Rétt er að gera ráð fyrir upplýsingatöflu í nálægð við aðalinngang og móttöku.

Vakin er athygli á að ekki er reiknað með sérstökum starfsmanni í móttöku og upplýsingar.

(Samtals stærð ca.15m²)

4.4 Eldhús.

Í húsinu skal vera lítið móttökueldhús, sem getur þjónað jafnt íbúum hússins sem og öðrum öldruðum sem koma í félagsstarfið. Fyrst um sinn er reiknað með hádegisverð og svo eftirmiðdagskaffi í tengslum við félagsstarfið. Reiknað er með því að heitur matur verði fluttur að í hitakössum/vögnum, en ekki framleiddur á staðnum. Slik eldhús kallast móttökueldhús.

Aðkoma með aðföng að eldhúsi svo og frá eldhúsi með sorp þarf að vera mjög greið og trufla sem minnst aðra starfsemi á staðnum.

Reikna skal með lítilli þurrgeymslu í tengslum við eldhús, ca.1.5 - 2 m².

(Samtals stærð ca.15m²)

4.5 Borðsalur.

Borðsalur sem tekur a.m.k. 70 manns í sæti, skal vera í tengslum við eldhús. Borðsalur verður jafnframt aðalsamkomusalur hússins og nýttur fyrir fundi, spil, dans, leikfimi og samkomur á vegum félagsstarfssins. Rétt er við hönnun að gera ráð fyrir uppröðun borða sem eru 85x85cm. Borð að þessari stærð eru hentug við spilamennsku, auðveld að færa til og þeim má raða upp á ýmsa vegu. Hluti þessara borða gæti jafnvel verið létt borð sem hægt er að leggja saman.

(Stærð ca.140-150m²)

4.6 Vinnuherbergi.

Vinnuherbergi þarf að vera þannig úr garði gert að unnt sé að stúka það niður t.d. með borðum eða skilrúmun, þar sem nauðsynlegt er að skilja að annars vegar finni vinnu og svo hins vegar grófari vinnu. Þannig er reiknað með nokkurri fjölbreytni í handmennt t.d. málun, teiknun, saumaskap, leirvinnu og námskeiðum af ýmsu tagi. Rétt er að gera ráð fyrir að unnið verði í hópum t.d. gæti verið um að ræða 6-12 manna hóp, sem þarna yrðu í einu.

Vinnuherbergi þurfa að bjóða upp á möguleika fyrir margar hillur, töflur til að hengja upp sýnishorn, læsta skápa, vaska, bæði skolvaska og handlaugar, mjög góða lýsingu úr lofti yfir vinnuborðum með tenglum fyrir ýmis tæki (saumavél, straujárn o.p.h.) þannig að rafmagnssnúrur þurfi ekki að liggja eftir gólfum. Borð þurfa að vera færanleg með möguleika á hækkun/lækkun og vinnuherbergið þarf að bjóða upp á pláss fyrir borðin á miðju gólfi.

Reikna verður með geymslu fyrir efni (lager) og framleiðslu gestanna á vinnslustigi og krók með skrifborði og síma vegna undirbúnings leiðbeinenda. (Samtals stærð ca.30m² + 5m²(geymslan)).

4.7 Fræðsla, klúbbastarf og kennsla.

Ekki er reiknað með sérstöku herbergi fyrir þessa starfsemi, heldur miðast við að borðsalur nýtist í fræðslufundi/kennslu og/eða klúbbastarf (sjá lið 4.5 hér að framan).

4.8 Bókaútlán og bankabjónusta.

Ekki er reiknað með sérstöku herbergi hér, heldur skal við hönnun móttöku/skrifstofu deildarstjóra gera ráð fyrir þessum þætti starfseminnar (sjá lið 4.3 hér að framan).

4.9 Leikfimi og dans.

Ekki er reiknað með sérstöku herbergi fyrir þessa starfsemi, heldur skal gera ráð fyrir að þessi starfsemi verði í borðsal hússins (sjá lið 4.5 hér að framan).

4.9 Aðstoð við böðun/sturta.

Gera skal ráð fyrir að unnt verði að veita aðstoð við að komast í sturtu. Gott pláss þarf til að komast að sturtunni a.m.k. á tvo til þrjá vegu. Þar þarf að vera sturtustóll og handföng á veggjum. Þá er gott að hafa staðsetningu blöndunartækja til hliðar við sturtuna sjálfa. Gera skal ráð fyrir hengi og stól fyrir þá sem afklæðast, salerni/handlaug, skápum og togrofa, sem getur verið tengdur í ljós ofan við dyr. (Stærð ca.10m²).

4.10 Ræsting.

Reikna þarf með ræstiklefa til geymslu á ræstingar-áhöldum og efnum auk vinnuástöðu til ræstingar.


4.11 Þvottur.

Reikna skal með aðstöðu fyrir litla þvottavél, en þarna má hugsa sér að ræsting og þvottaaðstaða gæti verið í sama klefa þó skilrúm skildi að. (Samtals 4.10+4.11 ca.4m²)

4.12 Gangar.

Gangar, verði um þá að ræða, skulu vera í eðlilegum tengslum við hin ýmsu þjónusturými og auðveldir umferðar hvað snertir breidd og gólfefni. Lýsing skal vera góð, litir á veggjum og gólfi bjartir, handrið meðfram veggjum, merkingar skýrar og annað umhverfi með hlýlegum og heimilislegum blæ. Rétt er að benda á að þar sem á annað borð þurfa að vera þröskuldar, hurðabönd eða skábrautir skal merkja það augljóslega og afgerandi í gólfefni t.d. með litum.

Reykjavík, 20.mars 1992.


Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir
yfirmaður öldrunarþjónustudeildar,
Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Kröfulýsing fyrir öldrunarþjónustu

Útgáfa II

Janúar 2013



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Velferðarráðuneyti: Kröfulýsing fyrir öldrunarþjónustu
Janúar 2013

Útgefandi: Velferðarráðuneyti
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: postur@vel.is
Veffang: velferðarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneyti

© Janúar 2013 Velferðarráðuneyti

ISBN 978-9979-799-62-7

Efnisyfirlit

1	Formáli	3
1.1	Útgáfa og endurskoðun.....	3
1.2	Efni	3
1.3	Gildissvið.....	3
1.4	Notkun.....	3
1.5	Hugtök.....	3
2	Rekstur	6
2.1	Skipulag, stjórnendur og starfsmenn	6
2.1.1	Skipulag.....	6
2.1.2	Ábyrgðarstöður	7
2.1.3	Starfsmannahald.....	7
2.1.4	Þjálfun og endurmenntun.....	8
2.1.5	Undirverktakar og hýsing	8
2.1.6	Gjaldtaka	9
2.2	Rekstur á samningstíma	9
2.2.1	Starfsleyfi og staðfesting landlæknis.....	9
2.2.2	Innkaup.....	9
2.2.3	Upplýsingar um þjónustu	10
2.2.4	Stýring mælibúnaðar.....	10
2.2.5	Samvinna og samráð.....	10
2.2.6	Gæða- og árangursstjórnun.....	10
2.2.7	Skráning og meðhöndlun sjúkraskrárgagna	13
2.2.8	Upplýsingaskýlda á samningstíma.....	14
2.2.9	Verklök og viðskilnaður.....	15
2.3	Eftirlit	15
2.3.1	Eftirlit verkkaupa	16
2.3.2	Eftirlit landlæknis.....	17
2.3.3	Endurskoðun á framkvæmd og fjármálum	17
3	Þjónusta	18
3.1	Hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum	18
3.1.1	Hlutverk	18
3.1.2	Hugmyndafræðilegar forsendur	18
3.1.3	Búseta heimilismanns.....	19
3.1.4	Þættir þjónustunnar	20
3.2	Dvalarheimili, sambýli og íbúðir	27
3.2.1	Hlutverk	27
3.2.2	Hugmyndafræðilegar forsendur	27
3.2.3	Búseta heimilismanns.....	27
3.2.4	Þættir þjónustunnar	27
3.3	Dagdvöl	28
Viðauki:	Sérkröfur og undantekningar	31

- Endurhæfingu, t.d. sjúkrahjálfun.
- Lyfjum.
- Hjálpartækjum, þó ekki gleraugum, heyrnartækjum eða hjólastólum.
- Sjúkraflutningi, öðrum en þeim sem sjúkrahúsi bera að greiða fyrir.

107. Félags- og tómstundaiðja.

Verksali skal sjá heimilismönnum fyrir félags- og tómstundaiðu sem tryggir virkni þeirra og er í samræmi við óskir þeirra. Þeir skulu einnig eiga kost á fræðslu og ráðgjöf.

108. Fæði.

Verksali skal sjá heimilismönnum fyrir fullu fæði og uppfylla allar kröfur í kafla 2.1.4.6

109. Þvottur.

Verksali skal sjá heimilismönnum fyrir þvotti, þ.m.t. þvotti á einkafatnaði heimilismanna öðrum en þeim sem þarfnast meðhöndlunar í efnalaug eða þvottar í höndum.

110. Varsla.

Verksali skal tryggja að á heimilinu sé varsla allan sólahringinn og öryggiskerfi í hverri íbúð.

111. Ræsting.

Um ræstingu húsnæðis skal fara á sama hátt og kröfur í kafla 2.1.4.8 lýsa.

112. Öryggi og eftirlit.

Um öryggi og eftirlit skal fara á sama hátt og kröfur í kafla 2.1.4.9 lýsa.

3.3 Dagdvöl

Dagdvöl er stuðningsúrræði við aldraða sem að staðaldri þurfa stuðning til að geta búið áfram heima. Notendur dagdvalar geta sótt þjónustuna daglega eða tiltekna daga í viku hverri. Tryggja þarf notendum dagdvalar heilbrigðis- og félagsþjónustu á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hvers og eins hverju sinni, sbr. lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra og reglugerð nr. 45/1990, um dagvist aldraðra, með síðari breytingum.

113. Flutningur.

Notendum dagdvalar hjá verksala skal standa til boða flutningur á milli heimilis og dagdvalar við upphaf og lok dvalar hvern dag.

114. Heilbrigðisþjónusta.

Verksali skal veita notendum dagdvalar hjúkrunarþjónustu og hafa aðstoðu fyrir læknisþjónustu og þjálfun. Notendum skal standa til boða að fá mat læknis á heilsufari sínu og þjálfun í samræmi við niðurstöðu þess. Starfsmenn dagdvalar skulu ávallt hafa milligöngu um að fá lækni til notanda, þegar tilefni er til að þeirra mati.

115. Einstaklingsbundin áætlun.

Þegar heilabílaður einstaklingur byrjar að sækja dagdvöl skal hjúkrunarfræðingur gera einstaklingsáætlun fyrir hann, sem byggir á greiningu á áhuga hans og getu (sterkar hliðar hans). Í áætluninni skal útfærð dagskrá í samræmi við greininguna. Þessa áætlun skal endurskoða með reglubundnum hætti og alltaf þegar sýnt er að hún eigi ekki lengur við.

116. Aðstoð.

Notandi dagdvalar hjá verksala skal fá aðstoð við athafnir daglegs lífs. Hann skal m.a. eiga kost á að fá aðstoð við böðun.

117. Fæði.

Notendur skulu eiga kost á fæði skv. kröfum í kafla 2.1.4.6, eins og við getur átt um viðveru hvers og eins, sjá kröfu 4.

118. Félags- og tómstundaiðja.

Notendur skulu eiga kost á félags- og tómstundaiðju sem er við hæfi og tryggir virkni þeirra. Þeir skulu einnig eiga kost á fræðslu og ráðgjöf.

119. Líkamsæfingar.

Notendur skulu eiga kost á því að stunda léttar líkamsæfingar með leiðsögn í aðstöðu dagdvalar.

120. Aðstaða til hvíldar.

Aðstaða skal vera til hvíldar fyrir þá sem sækja dagdvöl.

121. Ræsting.

Um ræstingu húsnæðis dagdvalar skal fara á sama hátt og kröfur í kafla 2.1.4.8 lýsa.

122. Öryggi og eftirlit.

Um öryggi og eftirlit skal fara á sama hátt og kröfur í kafla 2.1.4.9 lýsa.

03422

03423

03424

Fskj. nr. 5

Leigusamningur um lóð
til íbúðarhúsabyggingar

D1-9324
1.635.001

INNFÆRT

27 APR 1994



BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Gjörir kunnugt:

Samkvæmt ályktun borgarráðs hinn 18. maí 1993, sbr. ályktun 11. júní 1991 er með bréfi þessu Skildinganesi h.f., kt. 630393-2059, Lágmúla 7, Reykjavík og Ístaki h.f., kt. 540671-0959, Skúlatúni 4, Reykjavík

leigð lóðin nr. 5, 7 og 9 við Þorragötu

hér í borginni, til þess að byggja á henni íbúðarhús, með eftirgreindum nánari skilmálum:

1. Lóðin nr. ~~3-9~~ (stök nr.) við Þorragötu er að flatarmáli 9180 fermetrar og lögun hennar, eins og sýnt er á viðfestum uppdrætti mælingadeildar dags. 16.12.1993. Lóðin nr. 5, 7 og 9 við Þorragötu er hluti af þeirri lóð.

Á lóðinni eru kvaðir um bflstæði skv. viðfestum uppdrætti. Kvöð um holræsi. Kvöð er á lóðinni um dreifistöð R.R. Kvöð um þjónustumiðstöð. Auk þess er á lóðinni almenn kvöð um hvers konar lagnir borgarsjóðs eða stofnana hans, sem þörf er á. Lóðarhafa er jafnframt skylt að hlíta skilmálum borgarverkfræðings um mannvirki á lóðinni og um frágang lóðar.

2. Lóðin er leigð til 75 ára, talið frá 1. degi júní mánaðar 1993.
3. Leigutaki hefir þegar byrjað byggingu íbúðarhúss á hinni leigðu lóð og skal hafa húsið fullgert og íbúðarhæft eigi síðar en að 2 árum liðnum, frá undirritun samnings þessa að telja, ella fellur samningurinn úr gildi.
Leigutaka er jafnframt skylt að ganga að fullu frá lóð skv. skipulagsuppdrætti. Hafi þeim framkvæmdum eigi verið lokið innan 2 ára, frá undirritun lóðarsamnings að telja, getur borgarverkfræðingur látið framkvæma umræddan frágang á kostnað leigutaka.
4. Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða verða lögð á hina leigðu lóð.
5. Ársleiga af lóðinni ákveðst samkvæmt reglugerð um leigu eftir íbúðarhúsalóðir í Reykjavík.

Leiguna skal greiða í skrifstofu Gjaldheimtunnar í Reykjavík og fer um innheimtu og gjalddaga eftir þeim reglum er um innheimtu fasteignagjalda í Reykjavík gilda á hverjum tíma. Um dráttarvexti fer eftir sömu reglum. Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er fjárnámsréttur skv. lögum nr. 90,1. júní 1989 um aðför.

Leigutaki og veðhafar eru skyldir að hlýða því, ef í lög verða sett ákvæði um, að leigan gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

6. Vilji borgarstjórnin ekki að loknum leigutímanum leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi að láta hús, sem þá er á lóðinni, standa þar áfram, skal borgarstjórnin greiða leigutaka sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands bygginganna.
7. Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, sem á henni verða gerð. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengist gagnvart lóðareiganda með þessum leigusamningi.
8. Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi þessum og stimpilgjald.
9. Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 27. apríl 1994

Ég undirritaður leigutaki geng að framangreindum leiguskiðmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

fh. Blúðingurinn hf.
Nálgard Þriem
Jóhanna Jónsdóttir
Jóhanna Ólafsson
Skírli Guðmundsson

10.2.1994.

ÍSTAK
ÍSTAK HF

Fall Sigurjóns Þórs

Vottar að réttu dagsetningu,	Fasteignamat lóðar	kr.	33.120.000
undirskrift og fjárræði leigutaka:	Ársleiga 0.145%	kr.	48.024

Blagifortekur 080323-3019

Jónn. Þó. Jónsson 160537-4269

Andri Jónsson, hdl. 271028-4139

Húsfélagið Þorragötu 5 – 7 – 9, Reykjavík annars vegar, og borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, f.h. Reykjavíkurborgar hins vegar, gera með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG

Lóðin fyrir húsin nr. 3, 5, 7 og 9 við Þorragötu er óskipt og sameiginleg. Á lóðarhlutanum, sem merktur er nr. 3, hefur Reykjavíkurborg reist þjónustusel, en á lóðarhlutum nr. 5, 7 og 9 hefur verið reist fjölbýlishús. Lóðamörk þjónustuselsins eru dregin á meðfylgjandi uppdrátt (nr. 10) arkitektanna Ragnildar Skarphéðinsdóttur og Ögmundar Skarphéðinssonar. Mörk lóðarhluta þjónustuselsins að sunnan og austan eru hin sömu og mörk heildarlóðarinnar.


Reykjavíkurborg sér um og kostar framkvæmdir og viðhald á lóðarhluta þjónustuselsins, en húsfélagið Þorragata 5 – 7 – 9 sér um og kostar framkvæmdir og viðhald lóðarinnar að öðru leyti. Breytingar á núverandi skipulagi hvors lóðarhluta eru háðar samþykki beggja aðila. Aðilar munu leitast við að haga viðhaldi og hirðu bygginganna og lóðarhlutanna þannig, að viðunandi sé bæði fyrir íbúa fjölbýlishússins og þá, sem leið eiga í þjónustuselið.

Bífreiðastæði, sem merkt eru á lóðaruppdráttum meðfram Þorragötu austan lóðarhluta þjónustuselsins, eru húsfélaginu Þorragötu 5 – 7 – 9 óviðkomandi.

Framangreindu til staðfestu.


Reykjavík 03.04. 2000.

F.h. húsfélagsins
Þorragötu 5 – 7 – 9


Formstjóri húsfélagsins.

F.h. Reykjavíkurborgar





1 stk Stóruvitur
 5 stk Fjallarós
 21 stk Hólarós

- 15 Láurós
- 15 Þirkvístur
- 54 Glansmispill
- 5 Birki
- 9 Lóvitur
- 10 Þirkvístur
- 1 Straufeyrir
- 22 Láurós
- 39 Þrekklauðir
- 32 Bergþoppur
- 18 Lóvitur
- 5 Birki
- 75 Glansmispill (bóglitning)
- 3 Lerki
- 12 Lóvitur
- 10 Bergþoppur

3

- 5 x 3 Garðmannastí
- 1 x 3 Stórihuba
- 20 Fjallarós
- 20 Fjallarós
- 18 Þrekklauðir
- 40 Bergþoppur

SKIPULAG SVÆÐIS
 GRUNNMYND
 MAY 1980

Löta Mörk Þjónustusels

ARKITEKTAR
 RAGNHILDUR SKARPHEDINGSDOTTIR, FALA
 ÖGMUNDUR SKARPHEDINGSSON, FALA
 Tæknistofa Laugavegi 3 101 Reykjavík
 Sími: 562-7771 Símanúmer: 562-7774

Reykjavíkurborg
bt. Velferðarsviðs
Borgartúni 12-14,
105 Reykjavík

Reykjavík 11. nóvember 2014
ÁBYRGÐARBRÉF

Efni: Þorragata 3-9

Húsfélagið Þorragötu 5,7 og 9 hefur leitað til LEX vegna fyrirætlana borgaryfirvalda um að breyta nýtingu á fasteigninni Þorragata 3 í aðstöðu fyrir heimabjónustu í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Vísast til samþykktar og bókunar á 249. fundi velferðarráðs þann 16. október sl. Ekkert samráð eða samstarf hefur verið haft við Húsfélagið Þorragata 5 7 og 9 vegna þessa, hvað þá eigendur íbúða í því húsi. Er öllum fyrirætlunum um breytingu á nýtingu Þorragötu 3 í þá veru sem ráðgert er harðlega mótmælt, enda enginn lagagrundvöllur fyrir þeim.


Forsaga málsins er sú að á fundi borgarráðs Reykjavíkur þann 11. júní 1991 var Bandalagi Háskólamanna gefinn kostur á byggingarétti fyrir 40-50 íbúðir fyrir aldraða í fjölbýlishúsi á lóð við Suðurgötu. Í lok úthlutunarbréfs borgarinnar segir: „*Gert er ráð fyrir byggingu u.p.b. 400 ferm. þjónustukjarna á vegum Reykjavíkurborgar á lóðinni eftir 3-4 ár samkv. nánari ákvörðun. Af þeim sökum skal skipulag á lóðinni og hönnun mannvirkja unnin í samráði við byggingarnefnd aldraðra*“. Við þessa skilmála var staðið af hálfu lóðarhafa.

Við gerð lóðarsamnings vegna byggingarinnar Þorragata 5-9 dags. 27. apríl 1994 kemur m.a. fram að lóðin við Þorragötu 3-9 sé ein 9180 ferm lóð. Lóðin er semsagt sameiginleg með húsnúmerunum 3-9 við Þorragötu. Þá eru samkvæmt lóðasamningi nánar tilgreind bílastæði talin fylgja Þorragötu 5-9 auk þess sem fjallað er um kvaðir á lóðinni, þ.m.t. kvöð um þjónustumiðstöð. Allt frá því Þorrasel hóf rekstur í Þorragötu 3 hefur þar verið í boði þjónusta fyrir eldri borgara. Hefur verið hægt að kaupa mat auk þess sem þar er rekið félagsstarf fyrir eldri borgara. Hefur þessi nýting húsnæðisins samrýmst sambýlinu við íbúa Þorragötu 5-9 vel enda fullvíst að margir ákváðu einmitt kaup í húsinu vegna þessarar nálægðar við Þorrasel.

Nú berast mjög óljósar fréttir af fyrirhugaðri breytingu á nýtingu Þorragötu 3. Engin kynning hefur farið fram og ekkert samráð haft við aðra eigendur lóðarinnar. Ljóst er að þó kvöð sé í lóðarsamningi Þorragötu 5-9 um þjónustumiðstöð á lóðinni, er ljóst að svo veigamikil breyting verður ekki gerð á nýtingu lóðarinnar, þ.m.t. rekstrinum að Þorragötu 3, án samráðs og samþykkis eigenda Þorragötu 5-9. Í þessu efni er vísað til þess að nýtingu á sameiginlegri lóð fjöleignarhúss verður ekki breytt nema með allir eigendur lóðarinnar séu því samþykkir. Um þetta vísast til 19. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignahús. Að mati húsfélagsins að Þorragötu 5-9 er fullvíst talið að hin breytta nýting muni í grundvallaratriðum breyta nýtingu lóðarinnar með tilheyrandi bílaumferð og hávaðamengun sem íbúar að Þorragötu 5-9 sætti sig ekki við. Þá má og fullvíst telja að hin aukna umferð um svæðið í tengslum við fyrirhugaða nýtingu Þorragötu 3 muni í raun fela það í sér að íbúar í Þorragötu 5-9 munu ekki hafa þann aðgang að bílastæðum við húsið sem þeir eiga rétt á og hafa haft. Ef þá ótalin væntanleg næturumferð í tengslum við fyrirhugaðan rekstur að Þorragötu 3 sem ekki verður liðin.

Gerð er krafa til þess að fallið verði nú þegar frá fyrirætlunum borgaryfirvalda í þessum efnum. Verði ekki orðið við þeirri kröfu sér húsfélagið ekki annan kost en að leita réttar síns fyrir dómstólum, e.t.v. að undangenginni kröfu um að lögbann verði lagt við hinni breyttu nýtingu auk þess sem krafist verður alls kostnaðar sem húsfélagið þarf að bera vegna þessa.

Virðingafyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Jóhannesson', written over a horizontal line.

Helgi Jóhannesson, hrl.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lex lögmannstofa
b.t. Helga Jóhannessonar hrl.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2014

Efni: Þorragata 3-9

Í erindi yðar, dags. 11. nóvember 2014, er gerð krafa um að fallið verði nú þegar frá fyrirætlunum borgaryfirvalda um að breyta nýtingu á fasteigninni að Þorragötu 3 í aðstöðu fyrir heimaþjónustu í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Verði ekki orðið við þeirri kröfu sjái Húsfélagið Þorragata 5, 7 og 9 ekki annan kost en að leita réttar síns fyrir dómstólum, e.t.v. að undangenginni kröfu um að lögbann verði lagt við hinni breyttu nýtingu auk þess sem krafist verði alls kostnaðar sem húsfélagið þurfi að bera vegna þessa.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi þann 16. október sl. að samþætt heimaþjónusta fyrir Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar verði staðsett í húsnæði að Þorragötu 3 þar sem nú er rekin dagdvölin Þorrasel fyrir aldraða. Jafnframt var samþykkt að dagdvölin Þorrasel myndi flytja starfsemi sína að Vesturgötu 7.

Ekki var unnt að hefja samráð eða kynningu á fyrirhuguðum breytingum fyrr en samþykki velferðarráðs lá fyrir enda talið heppilegast að lágmarka óþarfa áhyggjur ef tillagan yrði ekki samþykkt. Við vinnu tillögunnar sem hér um ræðir var tekið tillit til þeirra óþæginda sem gætu skapast af fyrirhuguðum breytingum.

Þegar samþykki velferðarráðs lá fyrir þann 16. október sl. var byrjað að kynna fyrirbyggjandi breytingar og er þeirri vinnu ekki lokið. Á næstu vikum verður tillagan formlega kynnt fyrir íbúum og þeim aðilum sem ákvörðunin snertir.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Sigprúður Erla Arnardóttir,
framkvæmdastjóri Vesturgarðs

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið
bt. Sigprúðar Erlu Arnardóttur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2014

Efni. Þorragata 3-9


Ég vísa til bréfs míns dags. 11. nóvember sl., svarbréfs þíns dags. 19. nóvember sl. og fundar sem haldinn var með íbúum að Þorragötu 5-9 sl. miðvikudag, 26. nóvember sl.

Ég saknaði þess í svarbréfi þínu var ekkert fjallað um efnisatriði þau sem ég setti fram í bréfi mínu. Á fundinum á miðvikudaginn kom hins vegar í ljós að málið væri í raun á byrjunarreit hjá ykkur, þ.e. ekki komið eins langt í ákvarðanatökufurlinu og ætla mátti af þeim fregnum sem umbj. mínir höfðu haft af því og er það vel. Á fundinum kom fram af hálfu ykkar fulltrúa Reykjavíkurborgar að nú tæki í raun við raunveruleg könnun á því hvort áform ykkar séu raunhæf eða möguleg.

Svo sem fram kom í bréfi mínu frá 11. nóvember sl. og í raun enn betur í máli mínu og t.d. Jóns G. Tómassonar, fyrrv. borgarlögmans, á fundinum, þá er það álit umbj. minna að fyrirætlanir borgarinnar um breytta nýtingu Þorragötu 3 geti aldrei náð fram að ganga nema fyrir liggja samþykki meðeigendanna að lóðinni, þ.e. eigenda Þorragötu 5-9. Þá liggur það einnig fyrir að eigendur Þorragötu 5-9 munu ekki samþykkja fyrir sitt leyti þessa breytingu. Ég hygg því að ljóst sé að þessar fyrirætlanir geta aldrei náð fram að ganga og réttast væri því að falla frá þeim þegar í stað og eyða ekki meiri tíma í að hrella íbúa Þorragötu 5-9 með máli þessu.

Í þessu efni hlýtur það einnig að skipta máli, sem kom fram á fundinum, að starfsemi sú sem fyrirhuguð er í Þorragötu 3 er í raun að mestu hefðbundin skrifstofuvinna þar sem fullfrískt fólk þarf að koma og fara. Það er því vandséð hvers vegna það þarf að finna slíkri starfsemi stað akkúrat þar sem nauðsynlegt yrði að kippa stoðunum undan starfsemi sem er mikið notuð, notendum líkar vel við og með aðgengi sem hentar viðskiptavinunum þess rekstrar.

Virðingarfyllst,



Helgi Johannesson, hrl.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

19. desember 2014

BM skrifstofa þjónustu heim

Lýsing á starfsemi og umfangi þeirrar starfsemi sem fyrirhugsuð er í húsnæði sem í dag hýsir Þorrasel

Núverandi starfsemi í Þorraseli er almenn dagdvöl fyrir aldraða sem rekin er á daggjöldum frá ríkinu. Þeir sem sækja dagdvöl eru íbúar búsettir í Reykjavík sem sótt hefur verið um, og metnir hafa verið að séu í þörf fyrir úrræðið. Um 70 einstaklingar deila með sér 200 dagvistarrýmum á viku eða um 40 einstaklingar dag hvern. Engin þjónusta er í dagdvöl fyrir aðra en þá sem hafa fengið samþykkt dagdvalarvistun. Þeir sem búa í nánd við Þorrasel eiga ekki greiðari aðgang að dvöl í Þorraseli en aðrir íbúar í Reykjavík.

Fyrirhugsuð starfsemi í húsnæði sem í dag hýsir Þorrasel (Þorragata) gerir ráð fyrir að í stað dagdvalar verði sameinuð heimaþjónusta (heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta) skipulögð þar fyrir Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar.

Heimaþjónusta sem skipulögð yrði frá Þorraseli væri:

- félagsleg heimaþjónusta á daginn virka daga og dag- og kvöldþjónusta um helgar
- hjúkrunarþjónusta alla daga ársins frá kl. 8:00-24:00. Næturþjónusta verður staðsett á öðrum stað í Reykjavík.

Þorrasel yrði starfstaður fyrir eftirfarandi starfsmenn sem skipuleggja og stýra þjónustunni á dagtíma alla virka daga;

- Hjúkrunarstjóri (1), hjúkrunarfræðingar (5)
- Teymisstjórar félagslegar heimaþjónustu (4), flokkstjórar (2), matsfulltrúi (0,5)
- Verkefnastjóri (1), ritari (1),
- **Alls um 15 manns** sem hafa skrifstofu og eru staðsettir á daginn alla virka daga.

Aðrir starfsmenn starfa inn á heimilum íbúa í Reykjavík sem fá heimaþjónustu. Þeir koma á starfstöð í byrjun vaktar (kl.8:00) og í lok vaktar (milli kl. 14:30-16:00) í 10 til 15 mínútur í upphafi dags og 10- 45 mínútur í lok dags. Fjöldi starfsmanna sem koma á starfstöð á dagtíma á virkum dögum geta orðið allt að 40. Á kvöldvakt frá kl. 16:00-17:00 mæta 8 starfsmenn og koma til baka í hús á tímabilinu 20:00- 23:30. Um helgar, bæði á dagtíma og kvöldin koma um 10 starfsmenn í hús í byrjun vaktar og lok vaktar.

Eingöngu starfsmenn koma á starfstöð, engir aðrir eiga erindi þangað enda er öll þjónusta veitt inn á heimilum fólks. Umsóknir um þjónustu berast rafrænt og skipulag fer að miklum hluta í gegnum síma. Flest starfsfólk nýtir sína eigin bíla til aksturs á vinnutíma en um 10 bílar verða í eigu starfsstaðar sem starfsmenn nýta frá kl. 8:00-24:00 alla daga ársins.

Frá: Helgi Jóhannesson **Sent:** 31.12.2014 09:30:00
Til: Stefán Eiríksson & lt; Stefan.Eiriksson@reykjavik.is& gt;
CC: Hrólfur Jónsson < hrolfur.jonsson@reykjavik.is> ; jrm@simnet.is < jrm@simnet.is> ; thorvald@simnet.is < thorvald@simnet.is>
BCC jongtom@mi.is < jongtom@mi.is>
Efni: Þorrasel
Viðhengi:
Málsnúmer: 2014110035

Sæll vertu.

Ég vísa til fyrri samskipta okkar um ofangreint málefni. Þann 22. desember sl. sendi ég þér svokallaða forsögn að þjónustuseli sem gerð var um tveimur árum áður en lóðarsamningur um Þorragötu húsið var gerður. Það lá því ávallt fyrir um hvað var verið að semja þegar kvöðin um þjónustusel var sett í lóðarsamninginn. Íbúar í Þorragötu 5-9 hafa því réttmætar væntingar til að sú starfsemi sem þar fer fram sé ekki í grundvallaratriðum önnur en til stóð í upphafi. Sú starfsemi sem virðist fyrirhugað að hafa þar í framtíðinni er í grundvallaratriðum ólík fyrri starfsemi. Ekki einungis um tegund þjónustunnar sjálfar heldur er augljóst að hún mun valda mun meira ónæði og ágangi á lóðinni en núverandi starfsemi. Umferð um 40 manna með tilheyrandi bílastæðaupptöku og opnunartíma langt fram á kvöld er slík grundvallarbreyting að umbj. mínir geta með engu móti fallist á áform Borgarinnar.

Auk þessa þá liggur fyrir að ákvæða laga hefur á engan hátt verið gætt af hálfu Borgarinnar í því ferli sem í gangi hefur verið vegna Þorrasels og fyrirhugaðra breytinga þar. Má í því sambandi nefna að rannsóknar- og andmælaeigla stjórnsýslulaga hefur verið þverbrotin. T.a.m. er augljóst að áður en málið komst á fullan skrið hafði enginn sem að kom kynnt sér lóðarsamninginn um Þorragötu 3-9 og þær skyldur sem hann setur Borginni í lögum. Þá var umbj. mínum aldrei gefinn kostur á að tjá sig um málið, heldur fréttu af því af tilviljun eftir að það komst á fullan skrið.

Þá má nefna að skipulagslög gera ráð fyrir grenndarkynningu ef um slíka grundvallarbreytingu á nýtingu eignar er að ræða. Slík grenndarkynning hefur ekki farið fram. Að endingu má nefna að 27. gr. laga um fjöleignahús setur eigendum séreignar verulegar skorður á breytingu á hagnýtingu séreignarhluta í fjöleignarhúsi, án samþykkis allra eigenda. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir af hálfu umbj. minna vegna fyrirætlana Borgarinnar og mun ekki verða veitt svo sem ítrekað hefur komið fram í þessu ferli.

Hér með krefst ég þess að mér verði, f.h. umbj. minna, send staðfesting þess efnis að fallið verði frá fyrirhuguðum breytingum í Þorraseli og látið verði af því að valta yfir umbj. mína í máli þessu. Hafi slík staðfesting ekki borist mér í síðasta lagi þann 5. janúar n.k. mun ákvörðunin verða kærð til borgarstjórnar auk þess sem málefniinu verður vísað til umboðsmanns borgarbúa. Þá áskilja umbj. mínir sér allan rétt til að leggja málið fyrir dómstóla einnig.

Virðingarfyllst,

HJ